

178. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar, haldinn í Aratungu þann 30. desember 2016 kl. 09:30.

Mætt: Valgerður Sævarsdóttir, formaður byggðaráðs, Helgi Kjartansson og Óttar Bragi Práinsson. Einnig var mættur Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir til staðfestingar:

- 1.1. 19. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings.
Undir 2. lið fundargerðar var reglum sérstakan húsnæðisstuðning vísað til samþykktar hjá sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga. Byggðaráð leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki fyrirliggjandi tillögu að reglum, sem skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings hefur samþykkt fyrir sitt leyti.
Undir 3. dagskrárlið fundargerðar var reglum um lögmannskostnað í barnaverndarmálum vísað til samþykktar hjá sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga. Byggðaráð leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki fyrirliggjandi tillögu að reglum, sem skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings hefur samþykkt fyrir sitt leyti.
- 1.2. 11. verkfundur vegna vegagerðar að lóðum Eflingar.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 1.3. 3. fundur æskulýðsnefndar Bláskógabyggðar.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 1.4. 6. fundur æskulýðsnefndar Bláskógabyggðar.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 21. fundur stjórnar Bergrisans bs.
- 2.2. 22. fundur stjórnar Bergrisans bs..
- 2.3. 178. fundur fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga ásamt þarfagreiningu um húsnæði Tónlistarskólans á Selfossi.
- 2.4. 176. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 2.5. 514. fundur stjórnar SASS.
- 2.6. 515. fundur stjórnar SASS.
- 2.7. 844. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 2.8. 845. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Minnisblað vegna ljósleiðaramála ásamt tölvuskeyti innanríkisráðuneytis dags. 1. desember 2016.

Lagt fram minnisblað frá Tæknisviði Uppsveita, dags. 14. desember 2016 sem greinir frá stöðu mála varðandi ljósleiðaramál. Þar kemur fram að Míla ehf sendi inn tilkynningu vegna auglýsingar sveitarfélaganna Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps og Hrunamannahrepps um lagningu og uppbyggingu ljósleiðara aðgangskerfis.

Einnig lagt fram tölvuskeyti frá innanríkisráðuneytinu er varðar breytingu á nettengingu hjá þeim aðilum sem nýtt hafa tengingu um gervihnött.

Oddviti sveitarstjórnar og sveitarstjóri greindu frá stöðu mála. Þetta málefni verður tekið upp á næsta fundi sveitarstjórnar, þann 5. janúar 2017.

- 4. Þóknun vegna nefndarstarfa hjá Bláskógabyggð.**

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að þóknun fyrir nefndarstörf sem bundin hafa verið viðmiðun við þingfararkaup muni ekki taka breytingum samkvæmt síðasta úrskurði kjararáðs, haldist óbreytt eins og þau voru fyrir fyrrgreindan úrskurð. Sveitarstjórn mun taka málið fyrir og endurskoða fyrri samþykkt um þóknunir fyrir nefndarstörf.
- 5. Umsókn um byggingarlóð í Bláskógabyggð.**

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi umsókn um byggingarlóðir:
Knútur Ármann, kt. 140970-5229 sækir um raðhúsaloðina Miðholt 2-4-6-8-10 og 12. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að úthluta umsækjanda umrædda byggingarlóð fyrir 6 íbúða raðhús.
- 6. Tilnefning fulltrúa í samstarfshóp um friðlýsingu Geysis.**

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar, dags. 14. desember 2016, þar sem óskað er eftir tilnefningu eins fulltrúa í samstarfshóp um undirbúning friðlýsingar Geysissvæðisins. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að tilnefna Helga Kjartansson, oddvita sveitarstjórnar, í samstarfshópinn fyrir hönd sveitarfélagsins.
- 7. Tillaga að kerfisáætlun Landsnets 2016 – 2025, leiðrétting.**

Lagt fram tölvuskeyti Landsnets, dags. 20. desember 2016, þar sem kynnt er leiðrétting á villu í drögum að kerfisáætlun 2016 – 2025. Jafnframt er kynnt að framlengdur hefur verið frestur til að skila inn umsögnum, til 10. janúar 2017.
- 8. Innsend bréf og erindi:**
 - 8.1. Tölvuskeyti lögreglunnar á Suðurlandi, dags. 7. desember 2016; fjárlög 2017.

Byggðaráð Bláskógabyggðar vill benda á að umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi er mjög stórt og þar eru jafnframt vinsælustu ferðamannastaðir landsins. Aukin umferð á vegum umdæmisins undanförunum árum er afar mikil, sem hefur því miður leitt til fjölgunar slysa. Byggðaráð Bláskógabyggðar fagnar því að fjárframlög voru aukin við afgreiðslu fjárlaga 2017. Það er afar mikilvægt að fjárframlög til lögreglunnar á Suðurlandi verði aukin og jafnframt að þau verði tryggð í sessi. Byggðaráð Bláskógabyggðar krefst þess að öryggi íbúa umdæmisins og annarra vegfarenda verði tryggt með góðu eftirliti lögreglu sem og með úrbótum og uppbyggingu vegakerfisins sem er afar bágborið eins og dæmin sanna. Nýleg úttekt á vegum og umferðaröryggi á Suðurlandi leiðir okkur í allan sannleik um alvarleika málsins. Við þetta verður ekki unað lengur og þarf ríkisvaldið, sem ber hina lögbundnu skyldu að veita fjármunum til þessara málaflokka, að girða sig í brók og koma hlutunum í viðunandi lag.
 - 8.2. Bréf foreldraráðs leikskólans Álfaborgar, dags. 12. desember 2016.

Erindinu vísað til sveitarstjórnar.
 - 8.3. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 15. desember 2016; umsókn um nýtt rekstrarleyfi í flokki II, Austurbyggð 7, Laugarási.

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna umsóknar Sigurhæða ehf., kt. 640914-0330, um rekstrarleyfi í flokki II í íbúðarhúsi að Austurbyggð 7 í Laugarási.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt enda samræmist starfsemin gildandi skipulagi svæðisins.

- 8.4. Tölvuskeyti Veraldarvina, dags. 30. nóvember 2016; boð um samstarf.
Lagt fram tölvuskeyti Veraldarvina þar sem boðið er samstarf í formi verkefna fyrir sjálfboðaliða. Erindinu vísað til Framkvæmda- og veitusviðs.
- 8.5. Bréf Aflsins, dags. 1. desember 2016; styrkbeiðni.
Lagt fram bréf Aflsins þar sem óskað er eftir fjárstyrk til reksturs samtakanna.
Erindinu hafnað.
- 8.6. Bréf fulltrúaráðs Sólheima, dags. 13. desember 2016; málefni íbúa Sólheima.
Lagt fram bréf fulltrúaráðs Sólheima þar sem skorað er á sveitarstjórnir á Suðurlandi að ganga frá nýjum þjónustusamningi vegna þjónustu Sólheima ses. við einstaklinga með fötlun búsetta á Sólheimum.
Byggðaráð Bláskógabyggðar beinir erindinu til stjórnar Bergrisans bs.
- 8.7. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 27. desember 2016; umsókn um nýtt rekstrarleyfi í flokki II, Vallarholt 1.
Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna umsóknar Ingjaldí Indriðasyni, kt. 110441-7899, um rekstrarleyfi í flokki II í íbúðarhúsi að Vallarholti 1, Biskupstungum.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt enda samræmist starfsemin gildandi skipulagi svæðisins.

9. Efni til kynningar:

- 9.1. Bréf Þroskahjálpar, dags. 7. desember 2016; húsnæðisáætlanir.
- 9.2. Tölvuskeyti kennara Tónlistarskóla Árnesinga, dags. 19. desember 2016; áskorun.
- 9.3. Árskýrsla Hestamannafélagsins Trausta 2015.
- 9.4. Bréf Menntamálastofnunar, dags. 7. desember 2016; ytra mat á grunnskólum.
- 9.5. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. desember 2016; framtíðarskipan húsnæðismála.
- 9.6. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 6. desember 2016; skil starfshóps um skoðun á skráningum upplýsinga um nemendur grunnskóla í rafræn upplýsingakerfi.
- 9.7. Niðurstöður könnunar á húsnæðismálum á Suðurlandi, unnin á vegum SASS í nóvember 2016.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.

Valgerður Sævarsdóttir

Helgi Kjartansson

Óttar Bragi Þráinsson

Valtýr Valtýsson